

# 16. Kæra dagbók

Arkaðu einn kílómetra í skónum mínum ...

<b>Málefni</b>	Mismunun, heilbrigði og velferð, fátækt og félagsleg útskýfun
<b>Þyngdarstig</b>	Stig 2
<b>Aldur</b>	8–13 ára
<b>Tími</b>	60 mínútur
<b>Hópstærð</b>	6–20 börn
<b>Tegund verkefnis</b>	Frásögn, umræður
<b>Yfirlit</b>	Börnin lesa þrjár mismunandi frásagnir af sama atvikinu og ræða síðan um hvernig fólk er ranglega dæmt
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að æfa samskipti og örva athyglisgáfu</li> <li>• Að efla samkennd</li> <li>• Að gera sér grein fyrir dómhörku fólks</li> <li>• Að öðlast skilning á því hve öll reynsla er einstaklingsbundin</li> <li>• Að ræða um réttinn til menntunar, réttinn til að leika sér og til að njóta heilbrigðisþjónustu</li> </ul>
<b>Undirbúningur</b>	Lagaðu frásagnirnar að þeim raunveruleika sem börnin þekkja og/eða eigin markmiðum með fræðslunni
<b>Efniviður</b>	Ljósrit af frásögnunum þremur



## Leiðbeiningar

- Skýrðu fyrir börnunum að þrír krakkar hafi leyft ykkur að lesa það sem þau skrifuðu í dagbækurnar sínar í sumarþúðum árið áður. Skiptu börnunum í þrjá hóp og láttu hvern hóp fá eina frásögn til aflestrar.
- Að lestri þeirra loknum skaltu kalla börnin saman og ræða um hvað krakkarnir í sumarþúðunum höfðu gert þann daginn (t.d. farið í spurningaleik, snætt hádegisverð, spilað fótbolta, smíðað fleka, siglt yfir vatnið). Staldradu við hvert atriði og spyrðu börnin hvað þeirra manneskja var að gera og hugsa hverju sinni og hvernig henni leið. Á þessu stigi skaltu forðast að láta börnin útskýra ástæðuna fyrir mismunandi viðbrögðum og líðan viðkomandi.
- Segðu hverjum hópi að lýsa þeirri persónu sem skrifaði frásögnina sem þau lásu. Ræddu um það hvernig þrír krakkar geta upplifað sama atvikið á mjög ólíkan hátt með því að spyrja spurninga eins og:
  - Hvers vegna misskildu þessir krakkar hver annan?
  - Heldurðu að krakkarnir hefðu hagað sér öðruvísi ef þau hefðu vitað meira hvert um annað? Hvernig?
  - Hvað var það sem þau misskildu um hvert annað?
  - Hvernig skjátlaðist þeim svona?
  - Hefur ykkur einhvern tíma skjátlast í skoðunum ykkar á öðrum?
  - Hvað gerist þegar við dæmum fólk ranglega?
  - Hvað getum við gert til að okkur skjátlist ekki um annað fólk?



## Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
  - a. Hvað finnst ykkur um þessar þrjár frásagnir?
  - b. Mynduð þið njóta svona dags? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
  - c. Eru þessar frásagnir raunhæfar?
  - d. Getið þið sett ykkur í spor þessara krakka? Hvers þeirra? Hvers vegna?
  - e. Er hægt að eiga vini, jafnvel þótt maður sé fátækur og kunni ekki að lesa? Hvers vegna?
  - f. Í hverju er vinátta fólgin?
  - g. Er eitthvert fólk verr sett en annað hér á landi? Hvaða fólk er það?
  - h. Hvað getum við gert til að breyta því?
2. Tengdu verkefnið mannréttindum með því að spyrja spurninga á borð við:
  - a. Hvaða mannréttinda nutu krakkarnir í sumarbúðunum?
  - b. Hvaða mannréttinda njóta þau heima hjá sér?
  - c. Er brotið á réttindum einhverra þessara krakka?
  - d. Hvaða áhrif hefur það á þau að brotið sé á þeim? Hvaða áhrif hefur það á framtíð þeirra?
  - e. Hvað er hægt að gera til að koma í veg fyrir að brotið sé á réttindum eins og um er að ræða hér.

## Tillögur um framhald

- Teikna má myndir sem tengjast frásögunum, t.d. viðburðum á „Ævintýradeginum mikla“, krökkunum á eigin heimavelli, o.s.frv.
- Í verkefnum „Mikilvægast fyrir hvern?“, bls. 146, og „Siglt til framandi strandar“, bls. 167, er fjallað um andstæð svör og forgangsmál við sömu aðstæður.

## Hugmyndir um aðgerðir

Til að komast hjá svipuðum misskilningi í hópnum þínum skaltu fá börnin til að semja með þér siðareglur um hvernig koma skal fram við aðra.

## Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Sumum barnanna kann að finnast þessar frásagnir óraunhæfar eða framandi. Lagaðu þær að þeim raunveruleika sem börnin þekkja, án þess þó að einhverju þeirra finnist nærri sér gengið með sögum sem líkjast um of þeim veruleika sem þau hrærast í.
- Einkum skal gæta varkárni gagnvart börnum sem búa við erfiðar aðstæður og vera vakandi fyrir því hvernig þau líta á sig sjálf og aðra í kringum sig. Leyfðu börnunum að ræða um málefni þeirra sem minna mega sín og sýndu þeim fram á að öll börn eigi að fá tækifæri til að lifa lífinu eins og þau vilja og njóta þess að réttindi þeirra séu virt.
- Þar sem sum barnanna kunna að vera í sporum sögupersónanna þarf að taka tillit til þess í samantektinni. Hafðu í huga að þessar frásagnir geta kallað fram staðalmyndir og dómhörku meðal einhverra barna, bæði hvað varðar vel stadda krakka (t.d. „Þau eru ekki með nein vandamál“; „Þau eru snobbuð“) og þá sem eru verr settir (t.d. „Þau eiga ekki góða fjölskyldu“; „Þau eru löt“). Þessum frásögnum er ætlað að hvetja börn til að spyrja hvers vegna aðrir hagi sér eins og þeir gera í stað þess að dæma þá á fölskum forsendum.
- Gerðu skýran greinarmun á því í umræðunum hvað hver og einn gerði og hvernig honum eða henni leið eða hvað honum/henni fannst um hlutina.



## Tilbrigði

- Lestu frásagnirnar upphátt fyrir börnin eða fáðu börnin til að lesa þær. Ræðið síðan saman eins og í 3. liðnum.
- Fáðu börnin til að leika það sem krakkarnir þrír í sumarbúðunum gerðu hverju sinni og lýsa því síðan hvernig þeim leið. Einnig er hægt að fá tvö börn til að leika sama hlutverkið, annað sýnir hvað viðkomandi segir og gerir en hitt innri hugsanir og tilfinningar.

## Breyting

Yngstu börnin þurfa eitthvert myndefni til að geta munað hvað fram fór í sumarbúðunum viðkomandi dag. Ekki er víst að þau geti haldið athyglinni vakandi ef þau þurfa að meðtaka of mikið af upplýsingum í einu og þá getur verið erfitt að taka saman niðurstöðurnar. Gættu þess að börnin hafi skilið fyrstu frásögnina vel áður en fjallað er um þá næstu.

## EFNI TIL DREIFINGAR: FRÁSAGNIRNAR

**Mörg börn fara í sumarbúdir yfir sumarmánuðina. Eftirfarandi frásagnir eru teknar upp úr dagbókum þriggja barna sem hittast í fyrsta skipti í sumarbúðum. Þau eru jafn gömul og taka þátt í sömu viðburðunum. Dag einn skipuleggja æskulýðsleiðtogarnir „Ævintýradaginn mikla“. Um kvöldið skrifa þessir þrír krakkar um viðburði dagsins í dagbókina sína.**

### Margrét skrifaði undir sænginni sinni, við vasaljós.

Kæra dagbók,

Þetta var frábær dagur. Við gerðum alveg ótrúlegustu hluti og ég held að þetta sé einn skemmtilegasti dagurinn í lífi mínu. Við gerðum ýmsa spennandi og stundum jafnvel hættulega hluti. En ég var aldrei hrædd. Ólíkt vinum mínum sem fannst ekki allt jafn skemmtilegt eins og ég hafði vonast til. Það var leitt hve Elsa og Rikki voru eitthvað ólík sjálfum sér í dag.

En til að byrja á byrjuninni – Þegar við vöknudum var okkur ráðað niður í nokkra hópa. Ég var með Rikka og Elsu. Ég kann vel við þau bæði því að í gær vorum við líka í sama hópnum og hlógum endalaust að öllum bröndurunum sem við sögðum hvert öðru. Flokkstjórinn lét okkur fá þrjú skilaboð á dulmáli og við áttum að ráða fram úr þeim. Ég var fyrst til að ráða fram úr hvað ég átti að gera. Eftir smástund var Rikki líka búinn að leysa úr sínum skilaboðum en Elsu gekk illa. Þá sá ég að hún sneri blaðinu öfugt og sagði henni hlæjandi að svona gæti hún aldrei fundið út úr hlutunum. Hún leit reiðilega á mig og henti frá sér blaðinu. „Mig langar til að leika mér, ég nenni ekki að lesa,“ sagði hún. Ég held að hún sé ekkert sérstaklega klár. Ég efast hreinlega um að hún kunni að lesa – það er skritið því að allir á mínum aldri kunna að lesa og skrifa.

En loks tókst okkur að finna út hvað stóð í þessum þremur skilaboðum. Síðan fórum við niður að ánni þar sem við spiluðum fótbolta við annan hóp. Það var sko fjör. Við vorum nærri búin að vinna en Elsa klúðraði því. Í hvert sinn sem hún fékk boltann snerti hún hann með hendinni, sparkaði í hina krakkana og gerði alls kyns vitleysur. Það var eins og hún hefði aldrei spilað fótbolta áður. Það var mjög undarlegt. Við fórum alltaf í fótbolta þegar skólinn er búinn á daginn. Næst vil ég ekki vera í sama hópi og Elsa.

Eftir hádegismatinn – maturinn hér er viðbjóðslegur – áttum við að smíða fleka til að komast yfir ána. Og það var æðislegt því að við urðum að finna viðardrumba og búa síðan til alls konar hnúta með reipi. Við Elsa leituðum að góðum og sterklegum trjábolnum en Rikki kom bara með einhverjar smáspýtur. Ég sagði honum að þar sem hann væri strákur ætti hann að leggja eins hart að sér og við. Hann sagði að sig svimaði og sér væri illt í bakinu. Ég held að það hafi bara verið léleg afsökun því að hann nennti ekki að vinna. Flekinn okkar varð að lokum flottastur af öllum – jafnvel flokkstjórinn sagði það! Síðan taldi hann upp að þremur – og þá áttum við að stökkva yfir á flekann og fara saman yfir ána. Ég stökk fyrst en datt í ána. Brrr... vatnið var ískalt og ég æpti upp yfir mig. Sem betur fer hjálpaði flokkstjórinn mér upp úr og við sprungum öll úr hlátri. Þegar ég sagði félögum mínum hve kalt vatnið raunverulega var sagði Rikki að hann gæti ekki hugsað sér að halda áfram. Ég held að hann hafi verið hræddur við kalda vatnið. Ég vissi ekki að hann væri svona mikil skræfa. Fyrst viðardrumbarnir og svo vatnið. Þegar ég sagði honum að hann ætti ekki að vera svona mikil skræfa hljóp hann skælandi í burtu. Ég held að mig langi ekki til að vera með honum í hópi aftur. Ég er ákveðin í að biðja flokkstjórnann að setja mig næst í annan hóp því að Elsa er svo mikill kjáni og Rikki er skræfa.

Ég hætti að tala við Elsu og Rikka eftir þetta og ... úps, ég held að flokkstjórnarnir séu að koma inn í herbergið okkar. Sofðu vel, kæra dagbók. Segi þér fleira á morgun.

Kveðja, Margrét



## EFNI TIL DREIFINGAR: FRÁSAGNIRNAR

### Eftirfarandi dagbókarfærsla var skrifuð af Elsu með aðstoð flokkstjóra.

Hæ dagbók,

Dú ert fyrsta dagbókin mín og ég heiti Elsa. Ég vona að þú eigir eftir að vera lengi hjá mér. Ég bað flokkstjórann að skrifa þessa síðu fyrir mig. Hann segir að þá geti ég lesið um það sem ég gerði í sumarbúðunum þegar ég verð eldri. Mér líst vel á það. Við sitjum ein saman því að ég vil ekki að neinn viti að flokkstjórinn er að hjálpa mér.

Það var mikið að gera í dag. Fyrir hádegi vorum við Margrét og Rikki saman í hóp. Ég kann betur við Rikka en Margréti. Henni finnst hún vita allt betur en aðrir.

Fyrst fengum við skilaboð á einhverju dulmáli sem við þurftum að leysa úr. Mér fannst það hundleiðinlegt því að ég er ekki enn orðin alveg læs og Margrét var alltaf að reka á eftir mér. Ég vildi að ég væri betri í lestri. Þá myndi ég lesa allar bækur sem til eru í heiminum. En síðan pabbi fór frá okkur þarf ég að hjálpa svo mikið til heima og hef svo lítinn tíma til að æfa mig í lestrinum. Mamma vinnur svo mikið og hefur næstum engan tíma til að hjálpa mér. Ég vildi ekki láta Rikka og Margréti vita að ég kynni ekki að lesa svo að ég þóttist bara vera að leysa úr dulmálinu. En þá fór Margrét að gera grín að mér, svo að ég reiddist og varð mjög sár.

Svo var það sama sagan með fótboltann. Mig langaði svo til að liðið okkar ynni en ég virtist gera allt vitlaust. Allir kunna reglurnar nema ég. Ég sé hina krakkana alltaf leika sér í fótbolta þegar þau koma heim úr skólanum. En mamma segir bara: „Ef þú hefur tíma til að leika þér, þá hefurðu líka tíma til að hjálpa til hér heima.“ Svo að ég hef aldrei haft tækifæri til að læra fótbolta. Eftir hádegi fórum við að smíða bát til að komast yfir ána. Og þar held ég að ég hafi staðið mig betur en Margrét og Rikki. Ég kann að búa til hnúta og veit hvers konar efnivið þarf til að smíða almennilegan bát. En Rikki hagaði sér svo undarlega. Hann pissaði næstum í buxurnar þegar Margrét sagði honum hve kalt vatnið væri.

Ég vona að við verðum saman í hópi á morgun. Mig langar að sýna þeim að ég kunni nú ýmislegt. Og mér finnst flokkstjórnirnar í sumarbúðunum svo góðir.

Bless, dagbók, sjáumst á morgun.

Elsa

### Rikki á stóra dagbók og hann hefur skrifað í hana í nokkur ár. Þetta er það sem hann skrifaði um „Ævintýradaginn mikla“.

Elsku dagbók,

Enn og aftur skrifa ég til að segja þér hve leiður og svektur ég er. Mér fannst samt gaman að því sem við gerðum fyrir hádegi. Mér fannst auðvelt að leysa úr dulmálinu því að ég er alltaf að gera svoleiðis heima. Og ég var í marki í fótboltanum, eins og venjulega.

Hádegismaturinn var góður, líklega sá besti sem ég hef nokkurn tíma fengið. Ég borða mikið hérna, öfugt á við heima þar sem maturinn dugar rétt svo handa okkur öllum. En ekki hér. Hér get ég fengið mér aftur á diskinn. Það er frábært. Ég held að ég hafi jafnvel þyngst. Ég verð ekki lengur „bara skinn og bein“ þegar ég fer heim.

En seinniparturinn var hroðalegur. Við þurftum að ná okkur í þunga viðardrumba og fara svo út í ískalt vatn. Mér er illa við svoleiðis því þá veikist ég örugglega og ég er búinn að fá nóg af því. Pabbi er búinn að segja mér að um leið og hann fái vinnu fari hann með mig á sjúkrahús svo að mér batni almennilega. Hann segir að þá geti ég gert allt sem mig langar til og þurfi ekki alltaf að liggja í rúminu. Ég vildi óska þess að pabbi fengi vinnu á morgun. Þá yrði ég fljótur að ná heilsunni aftur. Ég kæri mig ekki um að segja hinum krökkunum í sumarbúðunum frá þessu því að þá komast þau að því að við eigum enga peninga og stríða mér örugglega.

Kæra dagbók, hvenær skyldi mér batna? Mig langar svo til að vera eins og hinir krakkarnir. Mig langar til að leika mér og hlaupa og hamast. Ég vona að það líði að því en ég óttast samt að það gerist ekki á næstunni.

Sofðu vel, kæra dagbók. Ég segi þér fleira á morgun. Enginn nema þú veist um leyndarmálin mín.

Rikki

